

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is og mbl.is

MAÍ 2023

5. tbl. 30. árg.

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin
á lyfjaval.is

Veldu að sækja í
næsta apótek eða
fáðu sent heim.

Lyfjaval



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Netverslun:
systrasamlagid.is

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m - Kópavogi
www.bilarogtjon.is



Fjölmenni mætti í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn til að fagna fjölmenningu hér á landi. Suðurmíðstöð í Mjódd áður Þjónustumíðstöð Breiðholts stóð fyrir þessum viðburði en hún hefur veg og vanda af sendiherraverkefninu þar sem unnið er að aðlögun fólks sem flutt hefur til landsins. *Framhald og myndir á bls. 8.*

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



VIÐ BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:

Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:

Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
5. tbl. 30. árgangur
Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Fjölmenningarland

Á vegum Suðurmiðstöðvar – áður Þjónustumiðstöðvar Breiðholts er ötullega unnið að kynna íslenskt umhverfi og menningu fyrir fólki sem kosið hefur að finna sér heimili hér á landi. Á sama hátt er aðfluttu fólki gefinn kostur á að segja frá áttögum sínum og kynna sína menningu.

Sendiherraverkefnið er hápunktur þessa starfs. Aðkomið fólk sem hefur búið hér í lengri tíma og kynnist efnum og aðstæðum hefur tekið að sér að nálgast fólk sem síðar hefur komið og auðvelda því að venjast nýju umhverfi.

Vel heppnuð veisla sem sendiherrar í Breiðholti buðu til í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og dögunum ber sterkan vott um árangur þessa starfs. Á fjórða þúsund manns af ýmsum þjóðernum komu í garðinn af þessu tilefni.

Verkefnið Sendiherrar í Breiðholti er að stækka og það er komið til að vera. Sendiherraverkefnið sýnir vel hvernig ber að veita nýju fólki viðtöku.

Á nægjulegt er að sjá hvernig Breiðholtið hefur gengið á undan í þessum efnum. Hvernig starfsfólk Suðurmiðstöðvar hefur staðið að kynningum. Og ekki síður hvernig sendiherrarnir hafa unnið að því að nálgast landa sína ef svo má að orði komast.

Breiðholtsblaði hefur rætt við nokkra af sendiherrunum í gengum tíðna og fundið áhuga þeirra og skilning á verkefni sínu. Fundið mikilvægi þess sem þeir voru að gera.

Í byrjun síðasta árs bjuggu tæp 30 þúsund manns af erlendum uppruna í Reykjavík. Ísland er löngu orðið fjölmenningarland. Áhrif fjölmenningar eiga einungis eftir að aukast í framtíðinni.



Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Ópið 9-18 virka daga.

Breiðholt „express“

- frumhönnun er hafin á hjóla- og göngustíg



Kort sem sýnir fyrirhugað Breiðholt “express” leið.

Verið er að frumhanna nýjan tvöfaldan hjóla- og göngustígur frá Árbæ yfir í Breiðholt. Um er að ræða stíg sem verður í tveimur áföngum og er hluti af stofnleið hjólreiða í borginni. Stígurinn fengið vinnuheimilið Breiðholt „express“. Nær fyrri hluti verkefnisins frá Bæjarhálsi, austan megin við Höfðabakka, niður að Rafstöðvarvegi, en þar eru nú þegar undirgöng sem notuð eru fyrir gangandi og hjólandi.

Síðari áfanginn er svo frá því vestan megin við Höfðabakka á Rafstöðvarvegi og yfir Elliðaárna á nýrri brú og upp dalinn og að stórum hluta eftir núverandi göngustígsstæði og um undirgöngin efst á Stekkjarbakka og svo fyrir ofan Stekkina og með fram Bökkunum. Fyrir utan stígalögn eru stærstu atriðin í þessu verkefni ný brú yfir Elliðaárna, rétt neðan Höfðabakkabrárinnar

núverandi, og svo lagfæringar sem gera þarf í kringum undirgöngin undir Stekkjabakka.

Höfðabakkabráin annar illa gangandi umferð og hvað þá til viðbótar hjólandi. Önnur tenging fyrir gangandi og hjólandi er til staðar litlu ofar, sjálf Elliðaárstíflan en hún rúmar einnig illa umferð hjólandi, þeirra sem eru í hjólastól eða þeirra sem eiga erfitt með gang og fólks með barnavagn. Talsverðar framkvæmdir hafa átt sér stað við Elliðaárdalinn síðustu ár og munu þær halda áfram í efri hluta dalsins þar sem sérstakur hjólastígur mun þá liggja upp allan dalinn. Seinni hluti leiðarinnar á að liggja frá Rafstöðvarvegi, vestan við núverandi Höfðabakkabrá, og tengjast við Stekkina um undirgöng undir Stekkjabakka og fara svo með fram þeim Bökkum. Verkefnið er en í frumhönnun og hugmyndavinna stendur yfir. Ekki er komin fjármögnun fyrir verkefnið.

Óskatak og Háfell lægst í Arnarnesveg



Fyrirhuguð lega Arnarnesvegar og tengir við Breiðholtsbraut.

Lægsta boð í gerð Arnarnesvegar um Vatnsenda-hæð í efri byggðum Kópavogs reyndist 718 milljónum króna undir kostnaðaráætlun. Boðið kom frá verktökunum Óskatak og Háfelli og er upp á 5,4 milljarða króna. Alls bærust fimm tilboð í veginn frá Rjúpnavegi að Breiðholtsbraut. Tvö tilboðanna voru undir kostnaðaráætlun. Um er að ræða 1,3 kílómetra langan veg sem mun tengja sveitarfélögin Reykjavík og Kópavog og verður mikil samgöngubót. Verkinu skal að fullu lokið 1. ágúst 2026.

Verktakakostnaður var áætlaður 6.150 milljónir króna

króna. Sameiginlegt boð Óskataks og Háfells, upp á 5.433 milljónir króna, reyndist það lægsta, 88,3% af kostnaðaráætlun. Tilboð Jarðvals upp á 5.685 milljónir króna, var 92,4 prósent af áætluðum kostnaði en hin þrjú tilboðin, frá risunum í verktakageiranum, voru öll yfir. Vegarkafliinn er nærri tveggja kílómetra langur en honum fylgja tvö hringtorg, brúarmannvirki, og göngu- og hjólastígar með tvennum undirgöngum og tveimur brúm fyrir gangandi og hjólandi. Stærsti hluti verksins er akstursbrú yfir Breiðholtsbraut, tengd með slaufu en ljósastýrðum gatnamótum.



RÖMPUM UPP SUÐURFELL

Orkustöðin í Suðurfelli hefur verið römpuð upp og býður nú viðskiptavinum **lægsta verðið** í Reykjavík á dælunum.

Orkan í Suðurfelli er fyrsta aðgengilega bensínstöðin fyrir hreyfihamlaða en þrjár dælur voru rampaðar upp með þeim hætti að stéttin er hækkuð í kringum dælurnar og greiðsluvélar gerðar aðgengilegri.

LÆGSTA VERÐIÐ Í REYKJAVÍK ER Í SUÐURFELLI

RÖMPUM
UPP
ÍSLAND




Sjálfsbjörg
landssamband
hreyfihamlaðra

V I Ð T A L I Ð

Ökukennnslan verður alltaf að vera á tánum

- segir Guðbrandur Bogason ökukennari

Ökuskólinn í Mjódd á sér rætur í upphafi hægri umferðar á Íslandi árið 1966. Með tilkomu hægri umferðar var mönnum betur ljós nauðsyn þess að efla og bæta ökukennslu. Margir höfðu lært að aka fyrir umferðalagabreytinguna og urðu að tileinka sér nýjar reglur og ekki síður nýjan hugsunarhátt. Á þessum tíma fjölgaði ökutækjum hratt og bílar urðu almenningseign. Tækni við framleiðslu bíla fleygði einnig fram og ýmsar nýjungar farnar að líta dagsins ljós. Stjórnvöld vildu þó stundum gjalda varhug við nýjungum sem einkum kom fram í hugmyndum og búnað bifreiða sem notaðar voru til kennslu. Guðbrandur Bogason ökukennari hefur lengi verið mikil áhugamaður um bifreiðar og þá einkum það sem snýr að menntun ökumanna. Hann hefur fylgt Ökuskólanum eftir frá byrjun og á mikinn þátt í að móta ökunám hér á landi á undanförunum áratugum. Guðbrandur spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

„Ökuskólinn á rætur í Ökukennarafélagi Íslands sem var stofnað 22. nóvember 1946. Félagstarfið fór hægt af stað en 1959 færðist aukinn kraftur í starfsemi þess. Árið 1967 þegar undirbúningur fyrir breytingu yfir á hægri akrein stóð yfir, fór í gang mikil vinna hjá Ökukennarafélaginu. Hópur ökukennara fór til Svíþjóðar til að kynna sér umferðalagabreytingu en Svíar höfðu þá nýverið skipt yfir í hægri umferð. Stofnaður var Ökuskóli 1967 sem þá var staðsettur í Suðurveru við Stigahlíð og í framhaldi af því fór Ökukennarafélagið að vinna að útgáfu ýmiskonar fræðsluefnis til allra ökuréttinda.“ Guðbrandur segir að ökunámið hafi þróast áfram. „Fyrst byrjuðum við á skellinöðrunum sem voru létt bifhjól. Svo vorum við með námskeið til réttinda til þess að aka dráttarvélum á vorin.

Dráttarvélanámskeiðið var samvinnuverkefni bændasamtakanna, ökukennarafélagsins, tryggingafélaga og nokkurra fyrirtækja sem fluttu dráttarvélar inn og seldu. Þau fóru fram á vormánuðum frá byrjun maí og fram í júní. Ungmennni gátu fengið dráttarvélaprófið fyrr en almenn ökuréttindi til að aka bifreiðum. Þessi námskeið voru vel sótt og oft var fjöldi unglinga akandi á dráttarvélum í allskyns forarvélum að æfa sig fyrir próf. Síðan voru sett barnaverndarlög sem bönnuðu að þetta væri gert. Á sama tíma var til vélhjólaklúbbur sem hét Vélhjólaklúbburinn Elding. Hann fór í samstarfi við skóla Ökukennarafélagsins að standa fyrir námskeiðum þar sem Sigurður Ágústsson lögreglumaður sem oft var kenndur við Palestínu annaðist leiðbeiningar og kennslu. Þetta er upphafið að sögunni.“



Guðbrandur Bogason.

Veruleg fjölgun á sjöunda áratugnum

Guðbrandur segir að ökunemum hafi farið að fjölga verulega á sjöunda áratugnum og einkum á þeim áttunda. Bílum fjölgaði stöðugt og konur fóru almennt að taka ökuþróf sem ekki hafði verið áður. Ég hygg að fyrir 1960 hafi fremur fáar konur verið með ökuþróf og ekið þó með nokkrum undantekningum. Akstur kvenna helst talsvert í hendur við för þeirra út á vinnumarkaðinn sem tók skamman tíma eða um við áratug. Árið 1974 voru gerðir kjarasamningar sem bættu stöðu

launafólks talsvert og ýtti undir meiri bílaeign. Hringvegurinn um landið var opnaður. Við það jókst umferðarflæði á landinu í heild mikið á mjög skömmum tíma.“ Guðbrandur segir að árið 1955 hafi orðið skriða í inniflutningi bíla. Þá var mörgum gjaldeyrisleyfum úthlutað til þess að kaupa jeppa, einkum Willys, Landrover og rússneska jeppa sem kölluðust GAS. Þá hafi stóru amerísku limósínurnar frá Ford og Chervolett komið sem settu mikinn svip á bílaleigna næstu árin. Varla var talað um leigubíl nema að hann væri frá þessum stóru amerísku framleiddum. Sumir þessara

gullaldar bíla eru enn í fullu gildi og ég á meira að segja einn sem er ágætlega gangfær.“

Meirapróf bifreiðastjóra varð munaðarlaust

Talsverð ásókn varð fljótt í námskeið hjá Ökukennarafélagi Íslands. Á árinu 1975 var sendur 1891 nemandi í nám. Þetta var þá ekki orðin skylda en var vakið upp sem áhugavert nám. Ég þori ekki að segja til um hversu mörg ökuþróf voru tekin á landinu á þessum tíma en ég hygg að þau hafi verið innan

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



Fræðslumiðstöð Ökukennarafélags Íslands, stjórn og varastjórn. Fremri röð frá vinstri: Kjartan Jónsson, Ólafur Guðmundsson, Árni Guðmundsson, Birkir Skarphéðinsson. Aftari röð frá vinstri: Magnús Helgason, Guðbrandur Bogason, Júlíus Halldórsson.

við fjögur þúsund. Bifreiðaeftirlit ríkisins sá um ökuþrófin allt til 1987 að það var lagt niður. Þá verður stærra prófið það sem hét meirapróf bifreiðarstjóra hálf munaðarlaust. Þá var sett á fót stofnun sem hét Bifreiðapróf ríkisins sem annaðist um meiraprófin til 1992. Þá störfuðu ökukennarar út um land á vegum Ökukennarafélagsins og á ábyrgð þess. Síðar þróaðist þetta þannig að þeir fengu sjálfir starfsleyfi.

Í Þarabakkann

Árið 1988 kaupir Ökukennarafélag Íslands eign í Þarabakka 3 og flutti starfsemi sína í Mjóddina þar sem aðsetur félagsins eru enn í dag. „Við þessa flutninga jókst félagsstarf til muna, auk þess sem bókaútgáfan varð blómlegri og síðan gerðist meira. Árið 1991 voru meiraprófin færð frá Bifreiðaeftirliti ríkisins til Ökuskólans. Grundvöllurinn að þessum flutningi var Ökuskólinn í Mjódd, sem þá var í eigu Ökukennarafélags Íslands og gat tekið meiraprófskennsluna að sér. Farið var í að útbúa nýtt kennsluefni og aðstoða ökuskóla víðs vegar um landið í að koma meiraprófsnámskeiðum af stað. Guðbrandur segir að á þessum tíma hafi verið hugmyndir um að lön- og tækniskólarnir kæmu

inn í ökunámið. Þær urðu þó ekki að veruleika og af þeim sökum fór þessi námsþáttur ekki undir menntamálaráðuneyti. „Við vorum búnir að gera það sem ég vil meina góða hluti og sýna fram á faglega nálgun og var því treyst til þess að taka meiraprófin að okkur. Ég tel að þetta sé stærsti sigur ökunáms hér á landi.“ Hann segir að meiraprófin hafi verið eins konar skrífulpróf á meðan þau hafi verið í höndum ríkisins. Eftir að Ökuskólinn hafi tekið við þeim hafi orðið breyting. „Við fórum í að

afla okkur þekkingar. Fóru meira að segja erlendis til þess að kynna okkur þessi mál. Læra um hvað væri nýtt að gerast.“

Ökuskóli 3 var mikil framför

„Þetta þróast svo áfram. Árið 1997 var það gert að skyldu að nemendur færu í ökuskóla en fram að því hafði það verið valkvætt. Fjarnámið tók svo yfir um 2010. Fólk fór að læra til aksturs á netinu,“ segir Guðbrandur

en veltir jafnframt fyrir sér hvað fólk læri sér til gagns með netnáminu. Ökuskóli 3 var stofnaður 2009 en þá var gert að skyldu fyrir nemendur til almennra ökuréttinda að sækja nám í áhættuvarnarakstri. Ökuskóli 3 var búinn að vera baráttumál Ökukennarafélagsins í nær 30 ár þegar hann var loks settur á laggirnar. Tíðindamaður nefndi við Guðbrand að sonardóttir sín sem hafi nýlengið ökunámi og bílprófi hafi látið þess getið hversu gott hafi verið fyrir sig að fara í Ökuskóla 3. Þar hafi hún virkilega lært. Þá birti yfir Guðbrandi. „Þar er horft til þess að byggja á þjálfun. Kennt með gamla laginu. Nemendur æfa í ökugerði og ökunemar verða að geta leyst ýmsar þrautir. Ökuskóli 3 var mikil framför í hinu almenna ökunámi.“

Ökukennslan verður alltaf að vera á tánum

En aftur að meiraprófinu. Er alltaf mikil á sókn í að fá ökuréttindi á stóra bíla. Guðbrandur segir svo vera. „Aðsókn að meiraprófsnámskeiðunum er alltaf að aukist. Margir vilja geta skapað sé atvinnu

við akstur. Hvort sem er akstur leigubíla eða stórra ökutækja fólks- og vöruflutningabíla. Á síðustu árum koma margir sem eiga sér erlendan uppruna til þess að ná sér í atvinnuréttindi með akstri. Svo er endurmenntun atvinnubifreiðastjóra orðin skilyrt. Allir sem hafa atvinnuréttindi þurfa að koma á endurmenntunarnámskeið á fimm ára fresti.“ Nokkrar kennslustofur eru í ökuskólanum í Mjódd. Guðbrandur segir þær notaðar jafnframt í fjarnámi og fyrirlestrar haldnir og kennsluefnið rætt. „Ég hef orðið þess áskynja að margir kjósa að koma í stofunám eins og ég kalla þetta. Finnst gott að hittast og geta auk þess fengið að hlýða á fræðsluefni og spjallað saman. Annars get ég ekki annað en verið ánægður með þróun þessara mála. Hvernig tekist hefur til. Ökunám verður alltaf hluti af almennu námi fólks hvort sem það kys að nota það til þess að aka eign bifreið eða hafa aksturinn að atvinnu. Við viljum alltaf leitast við að geta boðið það sem er nýjast og best í fræðunum. Þetta þýðir að ökukennslan verður alltaf að vera á tánum.“

Við eigum frábært úrval af flottum yfirhöfnum í stærðum 38-60



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- B-réttindi á íslensku og ensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Bifhjólanámskeið
- Meiraprófsnámskeið
- Afleysingamannanámskeið á leigubíl og Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Samgöngustofu
- Endurmenntun Atvinnubílstjóra



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opíð 10-17 alla daga.

www.bilprof.is

Taubleyjumarkaður í Gerðubergi

- sala á taubleyjum jókst um 60% á fyrsta taubleyjumarkaðnum



Auður Ebba og Kristín Anna Thorlacius ásamt móður þeirra á taubleyjumarkaðnum.

Fyrsti Taubleyjumarkaður á Íslandi var haldinn í Gerðubergi laugardaginn 29. apríl sl. Þá var þá öllu taubleysjuúrvali landsins safnað saman. Þetta var í fyrsta skipti sem slíkur markaður var haldinn hér á landi. Kristín Anna Thorlacius, meðeigandi Taubleysjur.is stóð fyrir markaðinum ásamt þremur öðrum taubleysjuverslunum landsins, Evey verslun, Cocobutts og Tau.is. Þau ákveðið að vinna saman og halda nokkurs konar taubleysjuráðstefnu í Efra Breiðholti sem var í fyrsta sinn hér á landi.

Vitundarvakning um notkun taubleysja er orðin meiri í samfélaginu og fólk er orðið meðvitaðra um að nota umhverfisvænni vörur fyrir börnin sín. Aukinn sýnileiki sé hvetjandi en samkvæmt uppgjöri seldu Taubleysjur.is 60% meiri vörur en á venjulegum laugardegi og kom meirihluti þeirrar sölu frá nýjum viðskiptavinum. Ef taubleysja er notuð aðeins einu sinni á dag samsvarar það sparnaði um 900 bréffleyjur út hefðbundið bleijutímabil hjá barni. Einnig var kynnt á taubleysjudeginum í Gerðubergi aðferð sem kallast á ensku „Elimination Communication“ og felst í því að kenna barni að nota kopp frá fæðingu.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

» Þarf stærri heimaug?

» Hvaða lausn hentar best?

» Er kerfið búið álagastýringu?

» Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtakerfi?

STUÐ 0

EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

FB Myndlist

Útskriftarsýning í Gerðubergi



Frá opnun sýningar myndlistarnema FB í Gerðubergi.

Útskriftarsýning myndlistarbrautar FB opnaði í Gerðubergi 6. maí sl. og var opin fyrir gesti og gangandi til 16. maí en þar sýndu 14 nemendur afrakstur lokaáfangans í myndlist.

Sýningin, sem kallaðist Frásagnir, var fjölbreytt og metnaðarfull þar sem málverk, skúlpúrar, innsetningar, myndasögur og fleira voru til sýnis en verkin á sýningunni voru unnin út frá persónulegum frásögnum hvers og eins nemanda.

Sýnendur voru þau Albert Flóventsson, Bernharð Máni Snædal, Emma Rún Baldvinsdóttir, Erik Vikar Díez Róbertsson, Hanna Lára Vilhjálmisdóttir, Harpa Rósey Qingqin Pálmadóttir, Ingibjörg Ramos Hilmarsdóttir, Jóhann Garðar Guðmundsson, Katla Lind Þórhallsdóttir, Margrét Ylfa Arnórsdóttir, Svanhvít Berg Victorsdóttir, Sýlvía Lorange, Torfi Sveinn Ásgeirsson og Þórdís María Stefánsdóttir.



Allir vegir færir í Gerðubergi

Sýningin - Allir vegir færir verður opnuð í Gerðubergi laugardaginn 27. maí.

Með henni tekur List án landamæra yfir sýningarsalinn og stendur sýningin yfir í allt sumar.

Á sýningunni eru verk eftir fjölbreyttan hóp listafólks sem mun sýna uppskeru vinnu sinnar síðustu misserin. Yfir sumarið verða haldnir alls kyns viðburðir tengdir sýningunni.

Viðburðamynd eftir Ásmund Stefánsson, nemandi í Myndlistaskóla Reykjavíkur.



RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Sírius 90 ára



...fyrir hið ljúfa líf



Ljúft og ljúffengt í 90 ár!

Við fögnum um þessar mundir stórafmæli okkar unaðslega Sírius Rjómasúkkulaðis, en það er aldrei langt undan þegar Íslendingar vilja gera sér glaðan dag. Það hefur einstaklega góða áferð og bragðið þekkið þið öll – algjörlega ómótstæðilegt.

Í tilefni af þessum sætu tímamótum höfum við ákveðið að bjóða aftur upp á þessar þrjár sígildu bragðtegundir í takmarkaðan tíma. Njótið heill!



Sírius, fyrir hið ljúfa líf


NÓI SÍRÍUS

Frábær viðbrögð við Menningargarðinum

Sendiherrar í Breiðholti buðu til veislu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, sem hafði heitið Menningargarðurinn. Þar verið að fagna fjölbreytileikanum. Boðið var upp á menningarveislu, með mat, menningu s.s. þjóðmenningu, tónlist og margskonar sviðslist. Um 30 þjóðir og menningarhópar komu saman til að bjóða upp á þessa veislu.

Viðbrögðin voru frábær þ.e. yfir 3200 manns mættu í garðinn og var ótrúlegt að sjá hve margir komu. Margir voru að koma í fyrsta skipti og uppgötva garðinn í fyrsta skipti sem er gaman,

en fyrst og fremst var gaman að sjá hve vel Sendiherrar í Breiðholti eru að ná til margra.

Verkefnið Sendiherrar í Breiðholti er að stækka og það er komið til að vera.

Suðurmiðstöð er bakhjarl verkefnisins, sem er til komið vegna ábendingu borgarstjóra á sínum tíma, en Suðurmiðstöð stýrir verkefninu þ.e. frá byrjun árs 2021 var byrjað að vinna með markvissum hætti að koma fólki til að miðla upplýsingum og menningarfræðslu. En að hátíðinni komu margir aðilar auk

sjálfboðaliða innan raða Sendiherra, Suðurmiðstöð lagði sitt að mörkum, að sjálfsögðu Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Miðberg í Breiðholti, Hitt Húsið og fleiri sem hjálpuðu okkar í þessu frábæra verkefni.

Með því að vera í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var tekin meðvituð ákvörðun til að ná til íslenskra fjölskyldna til að vera með, auk þess sem margir komu með okkur í að gera fjölmenningu okkar allra.



Afrísk menninga var alls ekki undanskilin enda fjölbreytt og stundum framandi.



Hér má sá fólk að ýmum þjóðernum á fjölmenningarhátíðinni. Margir Íslendingar lögðu einnig leið sína í Húsdýragarðinn af þessu tilefni.



Hvað skyldi vera í katlinum. Trúlega te. Sögur úr Þúsund og einni nótt koma í hugann.



Atriði frá Venesúela.



Grísk söngkona tók lagði fyrir gesti



Söngkona frá Úkraínu steig á svið.



Rúmenía átti sinn fulltrúa á fjölmenningarhátíðinni.



Evelin Rodrigues matargerðarmeistari með meiru frá Dóminíska lýðveldinu. Hún rekur meðal annars Cosina Rodrigues vinsæla veitinga- og kaffihúsið í Gerðubergi.

Stærsta verkstæði landsins í næsta nágrenni

Nesdekk Breiðhöfða 13.
Eitt fullkomnasta
hjólbarðaverkstæði landsins.
Tímapantanir á nesdekk.is



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Margt að gerast í FB

- dimmitering, Lundúnaferð og Gullni hringurinn á meðan þess sem gert var



Nemendur á íslenskubraut fóru gullna hringinn.

Nú líður að lokum skólaársins í FB og hefur skólalífið í maimánuði borið vitni um það. Á dögunum var vorhátíð þar sem Vöfluvagninn og ísbúðin Valdís mættu á svæðið með kræsingar auk þess sem nemendafélagið framreiddi sykurfraud við góðar undirtektir.

Í byrjun maí gerðu útskriftarefni sér glaðan dag og dimmiteruðu með glæsibrag í hinum ýmsu búningum. Dagurinn byrjaði á morgunverði í boði skólans, nemendur fóru svo um skólann og spjölluðu við starfsfólk en því næst var haldið niður í miðbæ í ratleik og áframhaldandi skemmtun.

Góður hópur starfsbrautar-nemenda fór í viðburðaríka og vel heppnaða útskriftarferð til London þar sem öll helstu kennileiti borgarinnar voru skoðuð, farið var í leikhús og margt fleira.

Hópur áhugasamra nemenda af íslenskubraut lauk önninni með því að fara í ferð um Gullna hringinn síðasta skóladaginn með kennurum sínum.

Laugardaginn 27. maí verður svo útskriftarhátíð í Hörpu þar sem skólanum verður formlega slitið þetta skólaárið.



Nemendur á starfsbraut FB fóru til London.

Nichole Leigh Mosty leikskólastjóri í Vík í Mýrdal

Gaman er að segja frá því í Breiðholtsblaðinu að Nichole Leigh Mosty hefur verið ráðin tímabundið í starf skólalátsjóra leikskóla í Vík í Mýrdal. Hún mun taka við starfinu í byrjun júní.

Nichole er mörgum Breiðhyltingum að góðu kunn. Hún hefur búið um árabíl í Breiðholti og sinnt ýmsum störfum þar. Hún starfaði við leikskólann Múlaborg á árunum 2000 til 2009 og síðan við leikskólann Ösp í Fellahverfinu þar sem hún var aðstoðarleikskólastjóri í tvö ár og síðan leikskólastjóri í fimm ár frá 2011 til 2016. Nichole var alþingismaður fyrir Bjarta framtíð á árunum 2016 til 2017

og verkefnastjóri hjá þjónustumiðstöð Breiðholts á árunum 2018 til 2021. Frá árinu 2021 hefur hún gegnt stöðu forstöðumanns Fjölmenningsseturs en hún var skipuð af Ásmundi Einari Daðasyni, mennta- og barnamálaráðherra, til fimm ára. Nichole mun ekki sitja út fimm ára tímunn þar sem Fjölmenningssetur var lagt niður og hlutverk þess fært undir Vinnuálastofnun þann 23. apríl síðastliðinn. Nichole er menntuð í kennslufræðum og hefur langa reynslu af leikskólastörfum. Hún er með B.Ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og M.Ed. gráðu í náms- og kennslufræði.



Nichole Leigh Mosty.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Sextíu gistu í íþróttahúsi Fellaskóla

Sextíu gistu í íþróttahúsi Fellaskóla yfir nótt þar sem hljóðfæraleikarar úr Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts gistu þar aðfaranótt sunnudags.

Ástæðan var að Landsmóti A og B-skólahljómsveita var aflýst vegna veðurs. Ætlunin var að 700 börn í A og B-sveitum víðs vegar af landinu og 100 fararstjórar héldu til Vestmannaeyja um helgina

til að taka þátt í Landsmóti. Veðrir setti hins vegar strik í reikninginn. Fleiri skólahljómsveitir gripu til ráða og fjölmennar „innilegur“ urðu í mörgum skólastofum og íþróttahúsum hér og um nótina. Má líta á fjöldagistingarnar sem sárabætur fyrir að missa af Vestmannaeyjaferð.



Krakkarnir reistu tjaldbúðir í íþróttahúsinu áður en þau lögðust til svefns.

Afreksnemandi úr Fellaskóla



Helena Bjarnadóttir nemandi í Fellaskóla varð nýlega tvöfaldur Íslandsmeistari í Júdo en hún sigraði í öllum flokki og þremur aldursflokkum auk þess að sigra í sínum þvingdarflokki.

Komdu í FB

Bóknám

Listnám

Verknám

Veiðikortið í símann!

37
vatnasvæði
8.900 kr.

vefverslun.veidikortid.is

veidikortid.is

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 5111188
Netfang: borgarblod@simnet.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Á góðu verði
Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opíð kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Kveikjum Neistann í Reykjavík

- aðferðafræðin er mild og uppbyggileg

Kveikjum neistann er rannsóknar og þróunarverkefni sem Grunnskóli Vestmannaeyja tekur þátt í og hefur verið í gangi með nemendum í bráðum tvö ár. Þau Hermundur Sigmundsson prófessor við NTNU og HÍ og Svava Þ. Hjaltalín, sérkennari og læsisfræðingur eiga veg og vanda af verkefninu sem er í umsjá Rannsóknarseturs um menntun og hugarfarar við HÍ.

Markmið Kveikjum neistans er metnaðarfullt. Eitt af þeim er að 80 til 90% barna teljist læs við lok annars bekkjar og er árangur mældur út frá einföldu stöðumati sem nefnist LÆS. Kennit er eftir hljóðaaðferðinni, eftirfylgni er góð og einstakir þjálfunartímar þar sem öll börnin fá réttar áskoranir. Stundatöflu hefur verið breytt, dagurinn einfaldaður, hreyfing aukin og settir inn ástríðutímar sem vekja gríðarlega lukku.



Kolbrún Baldursdóttir.

Allir nemendur nái að brjóta lestrarkóðann

Sem borgarfulltrúi, sálfræðingur og kennari hef ég lagt það til í borgarstjórn að skóla- og frístundasvið skoði að innleiða þetta verkefni í Reykvíska grunnskóla. Verkefnið er þróunar- og rannsóknarverkefni með heildstæða nálgun í skólastarfið. Áherslur verkefnisins snúa að læsi, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfari nemenda. Höfuðáherslan er á að allir nemendur nái að brjóta lestrarkóðann, þ.e. geti tengt saman hljóð og lesið orð og þar með leggja grunninn að fjölbreyttu og öflugu námi í lestri, lesskilningi og skapandi skrifum. Mældur hefur verið árangur frá upphafi og sýna niðurstöður að væntanlega ná 94 af 96 nemendum að brjóta lestrakóðann eða 98% nemenda í þessum tveimur fyrstu árgöngum verkefnisins (1. og 2. bekkur). Árangur lofar góðu.

Staðan ekki nógu góð

Staða margra nemenda í lestri og lesskilningi í Reykjavík er ekki nógu góð. Þetta hafa PISA kannanir sýnt okkur undanfarin ár en 16% barna ná ekki stigi tvö í PISA í lesskilningi, sem sagt lesa sér ekki til gagns. Úr þessu má ekki gera lítið eða hunsa.

Ef horft er til barna sem eru af erlendu bergi brotin þá er staðan sú að 92.5% barna og unglinga eru á rauðu og gulu ljósi hvað varðar íslenskukunnáttu þeirra. Þessum börnum þarf að hjálpa strax að læra málið, í þeim er gríðarlegur mannaúður. Einnig þarf að huga sérstaklega að þeim börnum sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar kennsluaðferðir. Þau börn þurfa oft að fá aðstoð hjá sérkennara og þau þurfa lengri tíma og meira næði en gengur og gerist í almennum bekk. Gera má ráð fyrir að það séu um það bil 2-4% barna sem glíma við lesvanda af lífeðlisfræðilegum orsökum sem t.d. tengjast sjónskyni. Sum rugla bókstöfum og þurfa sem dæmi að fá stærra letur og til eru vísindi sem gefa okkur leiðir.

Aðferðafræðin er mild og uppbyggileg

Þegar liðan er skoðuð hjá börnunum greinist marktækur munur milli þeirra barna sem tóku þátt í Kveikjum neistann í 1. bekk 2021 til 2021 og þeim sem voru í 1. bekk árinu áður en verkefnið fór af stað. Þetta segir okkur hvað lestrarfærni er mikið áhrifabreyta á liðan og sjálfstraust barnsins. Að upplifa árangur og færni sína aukist er beintengt betri liðan og að liða vel í eigin skinni. Það góða við Kveikjum neistann er að aðferðafræðin eflir áhugahvöt, hún er mild og uppbyggileg.

Ég sé Kveikjum neistann vera gott verkefni sem er líklegt að skili árangri. Þess vegna vil ég kveikja þennan neista í Reykjavík. Miðja máls og læsis er að gera góða hluti en árangur þar er ekki eins og góður og í Vestmannaeyjum. Hægt er að gera betur?

Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, sálfræðingur og borgarfulltrúi í Reykjavík.

Árleg kvikmyndahátíð Filmunnar

Í vetur hafa verið starfræktir kvikmyndaklúbbar fyrir þriðja og fjórða bekk í frístundaheimilunum Bakkaseli, Hraunheimum og Regnboganum. Tæknistjóri Miðbergs, Davíð Hólm hefur leitt þetta verkefni með starfsmönnum á frístundaheimilunum ásamt því að sjá um alla tæknivinnu.

Afraksturinn var svo sýndur 26. apríl í Sambíóunum í Álfabakka á árlegri kvikmyndahátíð okkar, Filmunni. Börn frístundaheimilanna komu sér saman í bíosalinn með popp og djús. Sýndar voru þrjár stuttmyndir og var gaman að sjá hversu frumlegur og skemmtilegur söguþráðurinn í myndunum var þar sem handritin og hugmyndirnar komu alfarið frá börnunum.

Í lokin voru svo veitt verðlaun fyrir eftirfarandi:

Besta sagan: Frístundaheimilið Regnboginn en myndin þeirra heitir Töfrahálsmenið.

Best leikna myndin: Frístundaheimilið Hraunheimar en myndin þeirra heitir Kennarinn hvarf.



Horft á kvikmyndir í Sambíóunum.

Frumlegasta myndin: Frístundaheimilið Bakkasel en myndin þeirra heitir Týndu leikföngin.
Hlutskörpust í ár voru svo

krakkarnir úr Regnboganum með myndina sína Töfrahálsmenið og fengu þau viðurkenningu fyrir bestu myndina árið 2023.



Verðlaunahafar.

Breiðholtsskóli Íslandsmeistarar B-liða

Breiðholtsskóli sendi tvö lið til leiks á skákhelgi sem haldin var í Rimaskóla í lok apríl. Lengi vel trónaði A-sveit Breiðholtsskóla í efsta sæti en eftir erfiðar viðureignir í lokaumferðunum endaði

A-sveit skólans í 4. sæti með 17,5 vinning, aðeins 4,5 vinning frá brons verðlaunum. B-sveit Breiðholtsskóla kom virkilega á óvart og sigraði Íslandsmeistaratitil B-liða með miklu öryggi. Lenti liðið í 6. sæti með 14 vinninga í heildarmótinu sem er glæsilegur árangur.

Íslandsmeistarar B- liða frá vinstri: Tristan, Jóel, Magnús, Fróði og þjálfari Kristófer.



Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Zuzanna úr 8. bekk Fellaskóla söng fyrir hönd Breiðholtsins

Senn lýkur vetrarstarfi félagsmiðstöðvanna í Breiðholti og er starfsemin enn í fullum gangi. Föstudaginn 5. maí var haldinn Samfestingurinn, stærsta ball ungmenna á landinu, í Laugardalshöll og að sjálfsgöðu létu krakkarnir okkar ekki sig vanta og fjölmenntu á ballið.

Daginn eftir var haldin söngkeppni Samfés og tók Zuzanna úr 8. bekk Fellaskóla þátt fyrir hönd Breiðholtsins en hún vann einmitt söngkeppni Breiðholts sem var haldin samhliða hinum sívinsæla

viðburði Breiðholt Got Talent, hæfileikakeppni félagsmiðstöðvanna í Breiðholti 10. febrúar sl.

Skráning í spennandi sumarsmiðjur fyrir börn í fimmta til sjöunda bekk stendur yfir og hvetjum við foreldra og börn til að skoða hvað er í boði í sumar. Allar upplýsingar er hægt að nálgast á vefnum sumar.fristund.is. Við viljum einnig hvetja foreldra til að kynna sér útivistartíma barnanna sinna sem tók breytingum 1. maí sl.



Fjölmennti var á Samfés.

Ný námsbraut á Heilbrigðis-vísindabraut í Ármúla


Ný námsbraut verður í boði á heilbrigðis-vísindabraut í Fjölbrautaskólanum við Ármúla frá og með haustinu 2023.

Námið á þeirri braut felst í að undirbúa nemendur undir nám á háskólastigi í heilbrigðisgreinum og sérstök áhersla verður lögð á undirbúning fyrir samkeppnispróf í hjúkrunarfræði, og inntökupróf í lækna- og tannlæknadeild.

Nám á Heilbrigðisvísindabraut er 200 eininga bóknámsbraut sem lýkur með stúdentsprófi og skiptist hún í tvær línur; hjúkrunarlínu og lækna-, tannlækna- og sjúkráþjálfunarlínu.

Nýja námsbrautin er fyrsta sinnar tegundar á landinu. Sem byggir m.a. á sérhæfðum áföngum frá Heilbrigðisskóla F.A.

Hér er um einstakt tækifæri að ræða fyrir nemendur en námið undirbýr nemendur vel sem stefna að því að þreyta samkeppnispróf í heilbrigðisgreinum á háskólastigi.



Hraustar plöntur gera garðinn falletgri

Gróðrarstöðin Storð hefur flutt starfsemi sína, eftir 25 ár í Kópavoginum, austur í Laugarás í Bláskógabyggð.

Gróðrarstöðin Storð framleiðir og selur allar gerðir garðplantna, tré, runna, rósir, fjölærar plöntur, sumarblóm og matjurtir.

Sérstök áhersla er lögð á að framleiða heilbrigðar og hraustar plöntur sem standast álag íslenskrar veðráttu.

Þjóðum núverandi og nýja viðskiptavini velkomna í Laugarásinn í sumar.



Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.



NJÓTTU LÍFSINS Í SUMAR



Góðgerlapartý
20 billjónir góðgerla. Synerbio daglegir meltingargerlar eru í hópi bætiefna ársins 2023 frá Viridian. Inniheldur allt litróf prebiótíska oligosakkaríða og inúlín sem fjölgar góðgerlunum. Kíktu á úrvalið.



Hálsmen og eyrnalokkar
Wanderlust skartið er handunnið og elegant.



Einstakur fatnaður
Ripple jóga klæðnaður er að okkar mati einn sá best sniðni fyrir jóga, allskyns hreyfingu og lífið.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Sumarið er mikilvægt

Sumarið er mikilvægur tími þegar kemur að þátttöku í íþróttum og frístundum. Þegar líður að lokum skólaársins þurfa foreldrar, börn og unglingar að huga að þátttöku í sumar í uppbyggilegu íþrótt- og frístundastarfi. Þátttaka í slíku sumarstarfi er mikilvæg fyrir öll börn og unglinga sem geta komið því við að taka þátt.



Fátt er skemmtilegra en að fást við skemmtileg og áhugaverð verkefni á sumarnámskeiðum t.d. í íþróttum, tónlist eða leiklist í góðum félagsskap undir stjórn fullorðinna leiðbeinenda. Þá má ekki gleyma mikilvægi sumarnámskeiðanna í forvörnum en rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem taka þátt í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi yfir sumartímann eru síður líklegir til að reykja, verða ölvæðir eða neyta fíkniefna en þeir sem ekki taka þátt í slíku starfi á sumrin. Við viljum hvetja foreldra að hvetja börnin sín til þátttöku sérstaklega með tilliti til forvarnarþáttarinnis. Auðvelt er að hugsa til þess að geta verið í frii en það er mikilvægt að börn og unglingar séu í skipulögðu starfi.

Fjöldi námskeiða á vegum frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, íþróttafélaganna ÍR, Leiknis og Ægis standa til boða í Breiðholtinu auk námskeiða annarra aðila.

Upplýsingar um sumarnámskeið er að finna á vefnum www.fristund.is



Jóhannes Guðlaugsson.

Jóhannes Guðlaugsson
Frístundatengill hjá
Þjónustumiðstöð Breiðholts



NOON
HÁRSTOFA

5 6 7 2 0 7 7 HÓLMASELI 2, 1 0 9 RVK



www.leiknir.com



GETRAUNANÚMER
LEIKNIS ER 109



GETRAUNIR.IS

Getraunanr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknir 50 ára

Íþróttafélagið Leiknir fyllti 50 árin þann 17. maí síðastliðinn. Félagið var stofnað í vinnuskúr við Æsufell þennan dag. Í tilefni afmælisins var haldin samkoma þar sem nokkrar helstu hetjur í sögu félagsins fengu Gull- og silfurheiðursverðlaun KSÍ. Forystu fólk úr íþrótt, knattspyrnu og borgarstjórn stígu í pontu og mærdi það mikilvæga starf sem fer fram hjá Leikni í hjarta Efra-Breiðholts og þann árangur sem náðst hefur inni á vellinum í meistaraflokki. Gestir þáðu léttar veitingar og rifjuðu upp þrekvirkinn sem unnist hafa fyrir tilstilli margra þeirra sem þarna voru samankomnir. Birt var fimm mínútna myndband af sögu félagsins þar sem Brynjar Hlökkvers stiklað á stóru síðustu 50 ár. Við grípum niður í erindi Birkis sem segir meira en löng ævisaga.

Leiknir er íþróttafélag í einu af fjölmennustu hverfum höfuðborgarinnar Breiðholt. En samt svo miklu meira. Breiðholti byggðist upp á ótrúlegum hraða og fljótt var fullt af börnum sem þurftu eitthvað að gera. Íþróttafélag Reykjavíkur flutti neðan úr bæ upp í Breiðholt virtist ekki hafa mikinn áhuga á starfi í efri byggð Breiðholtsins. Því þar Leiknir sofnað 1973 af foreldrum í hverfinu sem vildi eflaust losna við börnin aðeins út úr húsinu. Ég segi bara “takk foreldrar” Félaglegt húsnæði reis upp í stórum stíl og ýmsar félagslegar áskoranir fylgdu í kjölfarið. Það hafi ekki áhrif á félagið. Þar voru stofnaðar fjölmargar deildir og Leiknir var stórhuga. Meðal annars tók goðsögnin Hemmi Gunn við meistaraflokki Leiknis í handbolta. En það er erfitt að halda úti mörgum deildum með takmarkaða aðstöðu. Því fór svo að margir að bestu iðkendum Leiknis þurft að leita til annarra félaga með betri aðstöðu. Upp úr 1980 lognaðist félagið hálfpartinn út af. 1984 var það rífið aftur af stað með krafti með fótbolta og körfubolta að markmiði. Árið 1983 fékk félagið glænýjan gervigrasvöll sem bylti aðstöðunni og árangur knattspyrnudeildarinnar fór að vekja athygli. En á sama tíma safnaði félagið gríðarlegum skuldum. Upp úr aldamótum stóð félagið frammi fyrir gríðarlegum skuldum og þá hófst mikill þrýstingur borgaryfirvalda að sameina Leikni og ÍR. Áhugi ÍR á sameiningu virtist þó ekki mikill heldur á yfirtöku. Óflugt unglingaráð sem samanstóð af foreldrum iðkenda tók fjárhaginn föstum tökum og hélt félaginu gangandi. Á meðan félagið var að vinna sig upp fjárhagsleg og var meistaraflokkurinn að mestu byggður upp á uppöldum leikmönnum. Með heimamann í brúnni fór Leiknir að klifra upp um deildir. Leiknir náði að fest sig sem klúbbur í næst efstu deild. Þegar ný kynslóð drengja úr Breiðholti kom upp í meistaraflokk. Reynslumiklir Breiðholtsstrákar héldu tryggð við félagið nái að koma Leikni upp í efstu deild árið 2014. Aftur með heimamenn í brúnni. Það sem meira er þar voru synir öflugra unglingaráðsins sem tóku við félaginu um aldamótin sem lykilleikmenn, þjálfarar



Fjölmenni mætti í Leiknisheimilið til að fagna hálfra aldar afmælinu.



Heiðurshópur Leiknis.



Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ mætti á svæðið til að samfagna Leiknisfólki.



Glæsileg afmælskaka var á boðstólum ásamt öðrum veitingum.

og liðsstjórar. Leiknir hefur lengi lagt áherslu á mikilvægi fjölmenningar. Í hverfi eins og okkar stöndum við frammi fyrir stærri áskorunum en nokkurt annað lið á Íslandi. Leiknir sýnir og sannar á hverjum einasta degi

hvernig íþróttir vikra til góðs gegn fordómum og rasisma. Saga Leiknis hefur alltaf einkennt af samstöðu, óeigingjörnu sjálfbodastarfi og ungu fólki. Þannig hefur Leiknir skapað sína sérstöðu og náð árangri.

ÍR stelpurnar í Olís!



Meistaraflokkur kvenna hjá ÍR í handbolta eru komnar upp í efstu deild eftir frábært umspili þar sem stelpurnar fóru á Selfoss og sigruðu hreinan úrslitaleik um að komast í Olís deildina. ÍR stelpur tóku öll völd á vellinum strax í upphafi og fóru með forskot inn í hálfleikinn, 14-18. Í síðari hálfleik stóðust þær svo áhlaup Selfyssinga og sigruðu að lokum 27-30.

Það var taumlaus gleði og miklar tilfinningar sem tóku yfir strax eftir leik eins. Meistaraflokkur kvenna vill koma á framfæri miklum þökkum fyrir þann ótrúlega stuðning sem liðið fékk í umspilinu frá stuðningsmönnum. Í flestum leikjum voru húsin kjaftfull af ÍR-ingum sem létu vel í sér heyra og skipti það svo sannarlega sköpum. Áfram ÍR

Gunnar Þór, Nanna Hólm og Valgerður Rún

Sigruðu Meistaramót ÍR í keilu

Meistaramót ÍR í keilu fór fram fyrr í þessum mánuði en mótið er uppskeruhátið keiludeildarinnar eftir liðinn keppnisvetur. Vel var mætt í mótið í ár og mikil og góð stemming meðal keilara.

Gunnar Þór Ásgeirsson sigraði í karlaflokki annað árið í röð og Nanna Hólm Davíðsdóttir vann kvennakeppnina. Það var síðan formaður keiludeildarinnar hún Valgerður Rún Benediktsdóttir sem vann forgjafarbikarinn og er hún önnur konan til þess að fá nafn sitt á bikarinn í sögu hans.

Gunnar Þór vann Daníel Inga Gottskálfsson í úrslitunum með 192 pinum gegn 168. Nanna Hólm vann Guðnýju Gunnarsdóttur með 193 pinum gegn 162. Valgerður Rún sigraði sína viðureign með 264, með forgjöf, gegn Laufeyju Sigurðardóttur sem skoraði 210 með forgjöfinni.

Í 3. og 4. sæti í karlaflokki urðu þeir Tristan Máni Nínuson og Sigurbjörn Stefán Vilhjálmsson. Í 3. og 4. sæti í kvennaflokki urðu þær Linda Hrönn Magnúsdóttir og



Gunnar Þór Ásgeirsson sigraði í karlaflokki annað árið í röð

Geirdís Hanna Kristjánsdóttir. Í 3. og 4. sæti forgjafarflokksins urðu þau Karitas Róbertsdóttir og Hannes Jón Hannesson.

Að loknum úrslitum var komið að verðlaunaafhendingu og pizza-veislu. Í verðlaun voru að vanda

farandbikarar og verðlaunaplattar auk þess sem góðir stuðningsaðilar lögðu til ýmis verðlaun og má þar þakka Nivea á Íslandi, Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Subway og fleirum.

Mugison með tónleika hjá ÍR



Mugison með harmonikkuna sem hann grípur stundum til.

Tónlistarmaðurinn Mugison sótti Breiðholtið heim á dögnum og hélt tónleika í íþróttahúsi ÍR.

Mugison er löngu þekktur sem einn ástsælasti söngvari og skemmtikraftur hér á landi. Mörg laga hans hafa orðið landsþekkt og þótt víðar sé leitað. Gúanóstelpen er líklega þeirra allra þekktast. Ekta vestfirskt lag en með undirtón sem flestir geta tekið undir og raulað með.

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

SmíðaVík
GÓÐIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri, bæta þéttingu glugga og hurða, lagfæra glugga og hurðir eða skipta því út fyrir nýju erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is
sími 898-0503
Guðlaugur



GETRAUNANÚMER ÍR

109



Njótum sumarsins!

Það er gaman að umvefja sig litríkum og fallegum plöntum yfir sumartímann. Gott er að umpotta sumarblómum þegar heim er komið til að minnka þörfina á vökvun og áburðagjöf.

Sumarblómatilboð



Nellikur
1.190 kr.



Fíflastafurinn er kominn aftur!

Frábært tól í baráttunni við fíflana. Þú einfaldlega stingur utan um kjarnann, snýrð til að losa rótina og togar upp.



Hágæða norsk garðhúsgögn sem hafa reynst vel í norrænu veðurfari. Skoðið úrvalið inná gardheimar.is



Blómahorn
2.490 kr



Fjólur 4 stk
820 kr



GARDHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Opið frá 10-21
alla daga